



Fundagerð 224.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 24. október 2017 kl. 16.00 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í hafnarhúsinu við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Jóhannes Gunnar Bjarnason formaður, Silja Dögg Baldursdóttir varaformaður, Guðný Sverrisdóttir ritari, Ólína Freysteinsdóttir, Baldvin Valdemarsson og Axel Grettisson. Áheyrnarfulltrúi Halldór Jóhannesson mætti á fundinn.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundagerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lögð fram til staðfestingar fundagerð 223. fundar frá 20. september s.l.
Fundagerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Fjárhagsáætlun HN fyrir árið 2018 – síðari umræða.

Fjárhagsáætlun 2018 tekin til síðari umræðu. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 626,5 mkr., og rekstrargjöld verði 415,5 mkr án fjármagnsliða. Hagnaður eftir fjármagnsliði og afskriftir er áætlaður 202 mkr. Stjórn HN samþykkir fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

3. Erindi frá SAF.

Borist hefur erindi frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Þar óska samtökin eftir ákveðnum rökstuðningi varðandi innheimtu HN á farþegagjaldi hjá fyrirtækjum sem reka haftengda ferðaþjónustu frá höfnum samlagsins. Hafnarstjóra falið að svara erindinu samkvæmt umræðum á fundinum.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 16:40

Jóhannes Gunnar Bjarnason formaður

Silja Dögg Baldursdóttir

Guðný Sverrisdóttir ritari



Ólína Freysteinsdóttir

Axel Grettisson

Baldvin Valdemarsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
